

Orðasambönd í tvímála orðabók milli íslensku og frönsku

1. Inngangur

Orðasambönd á borð við *leggja árar í bát* og *leggja hönd á plóg* gæða mál fólks lífi jafnt í ræðu og riti og endurspeglar gjarnan menningu og staðhætti málsvæða. Talið er að „sérkenni hvers tungumáls felist m.a. í föstum orðasamböndum sem bera ákveðinni menningu málhafa, atvinnuháttum, veðráttu o.s.frv. vitni og eru ekki sprottin af sama meiði þó vissulega geti þau átt sér merkingarlega samsvörun í öðru tungumáli.“ (Erla Erlendsdóttir og Oddný G. Sverrisdóttir 2023, 12).

Hugtakið fast orðasamband er gjarnan notað í víðtækri merkingu yfir fleiryrtar einingar í málinu sem einnig búa yfir festu og orðtakseðli (Oddný G. Sverrisdóttir 2009, 153). Orðtakseðli¹ vísar til þess að merking þessara fleiryrtu eininga er ógagnsæ og verður ekki ráðin af merkingu einstakra orða, „að liðirnir (einingar orðtaksins) mynda heild sem ekki verður fyllilega útskýrð út frá setningafræðilegum eða merkingarfræðilegum reglum“ (Oddný G. Sverrisdóttir 2009, 158). Hér má sem dæmi nefna fyrrnefndu orðasamböndin *leggja árar í bát* og *leggja hönd á plóg* en einnig orðasambönd á borð við *rífa kjöft* og *drepa tittlinga* þar sem „tiltekin sögn og

1 Hugtakið orðasambandsmerking er einnig notað til aðgreiningar frá bókstaflegri merkingu (Anton Karl Ingason, Einar Freyr Sigurðsson og Jim Wood, 2016, 13).

tiltekið andlag tjá í sameiningu merkingu sem er ekki bókstafleg“ og „ekki er hægt að skipta einingum orðasambandsins upp merkingarlega, til dæmis þannig að *drepa* merki ‚depla‘ og tittlingar merki ‚augu““ (Anton Karl Ingason, Einar Freyr Sigurðsson og Jim Wood, 2016, 13).

Festan birtist í því að málnotandi lítur á orðasambönd sem eina einingu eins og um eitt orð væri að ræða. Einnig felur festa í sér málfræðilegar og setningafræðilegar hömlur, til dæmis það að orðasamband á borð við *rífa kjafi* glatar yfirfærðri merkingu sinni í þolmynd: *kjafstur var rífinn* (Anton Ingi Karlsson, Einar Freyr Sigurðsson og Jim Wood 2016, 13–14; Oddný G. Sverrisdóttir 2009, 153–155). Jafnframt felast orðasafns- og merkingarlegar hömlur í festu, þ.e.a.s. að ekki er hægt að skipta um orð þó svo að um samheiti eða yfirheiti sé að ræða án þess að merkingin glatist. Þó ber að hafa í huga að festa er afstæð upp að vissu marki (Oddný G. Sverrisdóttir 2009, 155) og einnig finnast tilbrigði af orðasamböndum, til dæmis *setja/koma á fót* <fyrirtæki> og *það er ekki/enginn fótur fyrir* <þessu>.

Fjölmargir fræðimenn innan málvísinda og orðasambandafræði hafa lagt áherslu á mikilvægi þess að ná tökum á orðasamböndum þegar kemur að málhæfni (e. *linguistic competence*) í erlendu máli (sjá til dæmis Siepmann 2008, 185, og González-Rey 2002, 14). Ógagnsæ merking og festa gera það að verkum að það getur verið erfitt fyrir erlenda málhafa að skilja þau eða tileinka sér þau. Því er mikilvægt að gera þeim góð skil í tvímála orðabókum sem eiga annars vegar að hjálpa notendum við að þýða/skilja texta á erlendu máli og hins vegar að tjá sig á erlendu máli.

Nálgun fræðimanna í umfjöllun um orðasambönd er oft ólík, sérstaklega þegar kemur að því að skilgreina og flokka orðasambönd. Flokkun orðasambanda verður ekki til umræðu hér en sjá má greinargóða umfjöllun um ólíkar tegundir orðasambanda hjá Oddnýju G. Sverrisdóttur (2009) og Burger (2010). Í þessari grein er sjónum beint að föstum orðasamböndum í yfirfærðri merkingu í tvímála samhengi, einkum út frá framsetningu þeirra í íslensk-franskri veforðabók, *Lexín*. Fjallað er um aðferðafræði og vinnulag ritstjórnar franska markmálsins við samanburð á föstum orðasamböndum í yfirfærðri merkingu í málunum tveimur með

það að markmiði að finna orðasambönd í markmálinu, frönsku, sem hefðu merkingarlega samsvörun og samsvari sem best notkun íslenska orðasambandsins. Loks er hugað að mögulegri hugtaka-merkingu orðasambanda í tvímála orðabók á borð við *Lexíu*.

2. Orðasambönd í tvímála orðabók milli íslensku og frönsku

Lexíu er tvímála veforðabók milli íslensku og frönsku annars vegar (aðgengileg frá 2021), og milli íslensku og þýsku hins vegar (aðgengileg frá 2023). *Lexíu* er byggð á ISLEX-orðabókinni sem er margmála orðabók milli íslensku og sex Norðurlandamála, dönsku, finnsku, færeysku, norsks bókmáls, nýnorsku og sænsku (Rósa Elín Davíðsdóttir og Þórdís Úlfarsdóttir 2023, 95).² Notendur *Lexíu* eru annars vegar Íslendingar sem nota orðabókina sem málbeitingar-orðabók, þ.e.a.s. til að tjá sig á frönsku í ræðu eða riti (L1→L2) og hins vegar frönskumælandi notendur sem leita að merkingu orða og orðasambanda á íslensku (L2→L1). Jafnframt má segja að þriðji markhópurinn samanstandi af þeim sem fást við þýðingar úr íslensku yfir á frönsku og geta verið hvort heldur sem er Íslendingar eða frönskumælandi þótt þeir síðarnefndu séu vafalaust fleiri. Þannig er leitast við að þjóna tveimur eða jafnvel þremur notendahópum þótt þarfir þeirra séu ólíkar.

2.1 Framsetning og aðgengi að orðasamböndum í *Lexíu*

Lexíu samanstendur af um 55 þúsund uppflettiorðum ásamt um rúmlega 33 þúsund notkunardæmum. Jafnframt er að finna um 10 þúsund orðasambönd og orðastæður í orðabókinni (Rósa Elín Davíðsdóttir og Þórdís Úlfarsdóttir 2023, 96). Í orðabókargrunni *Lexíu* er gerður greinarmunur á tvenns konar fastri orðanotkun, annars vegar orðasamböndum en undir þann flokk falla orðasambönd í yfirfærðri merkingu, og hins vegar *orðastæðum*. Orðastæða (e.

2 Vinnan við ISLEX-orðabókina fór að mestu leyti fram á árunum 2006–2010 og töluvert af greinum liggur fyrir um orðabókina og orðabókarvinnuna (sjá til dæmis Aldís Sigurðardóttir og fl. 2008; Þórdís Úlfarsdóttir 2013; Halldóra Jónsdóttir og Þórdís Úlfarsdóttir 2019).

collocation) er fast samband tveggja eða fleiri orða þar sem eitt orðið (og stundum fleiri) er kjarnaliður orðastæðunnar. Merkingin er almennt gegnsæ en dæmi um orðastæður eru *gangur himintunglanna*, *festa blund*, *rennandi blautur* (Rósa Elín Davíðsdóttir og Þórdís Úlfarsdóttir 2023 og Jón Hilmar Jónsson 2013, 12).³ Þessi orðasambönd og orðastæður koma að mestu leyti úr *Stóru orðabókinni um íslenska málnotkun* (Jón Hilmar Jónsson 2005) en höfundur hennar sá upphaflega um val þeirra fyrir gerð ISLEX-orðabókarinnar (Þórdís Úlfarsdóttir 2013, 55).

Í *Lexíu* koma orðasambönd í yfirfærðri merkingu fyrir neðst í hverri flettu undir því orði sem telst vera aðalorðið eða kjarninn í orðasambandinu en ekki sem sjálfstæðar flettur (Þórdís Úlfarsdóttir 2013, 54).⁴ Kjarnaorð orðasambands er yfirleitt nafnorð en getur líka verið lýsingarorð, til dæmis *harður* í orðasambandinu *vera harður af sér*. Stundum kemur sama orðasambandið fyrir undir fleiri en einu uppflettiorði, til dæmis *leggja hönd á plóg(inn)* sem er að finna undir nafnorðinu *plógur* en einnig undir nafnorðinu *hönd*. Fleiri tugir orðasambanda geta komið fyrir undir einu uppflettiorði. Langflest orðasambönd má finna undir flettunni *hönd* (75), *fótur* (55), *mál* (53), *orð* (43), *auga* (31), *maður* (30), *vegur* (26), *dagur* (25), *líf* (24) (Þórdís Úlfarsdóttir 2013, 56).

Orðasamböndin eru ekki sett undir ákveðinn merkingarlið margræðra orða og þess vegna er orðasambandið *leggja hönd á plóg(inn)* ekki sett undir merkingarliðinn ‘jarðvinnslutæki’ í flettunni *plógur* í *Lexíu* heldur kemur aftast (sjá mynd 1).




Mynd 1. Flettan *plógur* í *Lexíu*. Fyrir neðan merkingarlið 1 og 2 kemur orðasambandið

3 Sjá nánari umfjöllun um orðastæður: Rósa Elín Davíðsdóttir 2021 og um orðastæður í tvímála orðabók: Rósa Elín Davíðsdóttir og Þórdís Úlfarsdóttir 2023.

4 Um 965 uppflettiorð í *Lexíu* koma einungis fyrir í ákveðnu orðasambandi, þetta á til dæmis við um nafnorðið *sauðarleggur*. Í slíkum tilvikum er orðið engu að síður uppflettiorð og orðasambandið er sett fram undir því uppflettiorði: <þetta> kemur eins og skráttinn úr sauðarleggunum.

leggja hönd á plóg(inn) sem aðskilið er frá merkingarliðunum með línu.

Leitarmöguleikar sem rafrænt viðmót *Lexín* býður upp á gerir það að verkum að fleiryrt sambönd eins og föst orðasambönd þurfa ekki að hafa stöðu uppflettiorðs til að vera aðgengileg og sömu-leiðis þarf notandinn ekki að vita undir hvaða uppflettiorði orðasambandið kemur fyrir. Ef notandi hakar við „leita í texta“ á upphafssíðu orðabókarinnar fær hann upp niðurstöður fyrir fleiryrt orðasambönd (Þórdís Úlfarsdóttir 2013, 66). Ef orð eða orðasamband sem notandi leitar að kemur einungis fyrir undir einni flettu er notandinn sendur beint þangað, þ.e.a.s. viðkomandi fletta opnast samstundis. Ef leitarorðið eða orðasambandið er staðsett undir fleiri en einu uppflettiorði fær notandi upp allar þær flettur þar sem orðasambandið kemur fyrir (sjá mynd 2 sem sýnir niðurstöður leitar að orðasambandinu *leggja hönd á plóginn*). Notandi getur því næst smelt á orðasambandið og lendir þannig á réttum stað í flettunni.⁵



Mynd 2. Niðurstöður textaleitar að orðasambandinu *leggja hönd á plóg* í *Lexín*. Vinstra megin sjást uppflettiorðin *hönd* og *plógur* þar sem orðasambandið *leggja hönd á plóg(inn)* kemur fyrir og hægra megin með bláu skálettri er orðasambandið.

Breytiliðir (afmarkaðir með oddklofum < >) eru notaðir í *Lexín* á sama hátt og í *Stóru orðabókinni um íslenska málnotkun* (Jón Hilmar Jónsson 2005) til að sýna fallmörkun sem og leyfilegan breytileika í orðavali í orðasamböndum og orðastæðum (Jón Hilmar Jónsson 2013, 9). Þannig sýnir breytileiður innan oddklofa í orðasambandinu *líta* <*hana*> *hýru auga* notanda að andlag sagnarinnar *líta* sé í þolfalli en einnig að skipta mætti persónufornafninu út fyrir annað fornafn

5 Þessi möguleiki að smella á orðasambandið liggur niðri þegar þessi grein er skrifuð (í júlí 2025) en til stendur að bæta úr því.

eða nafnorð (til dæmis <konuna>)⁶. Þessi framsetning á breytliðum gerir notanda kleift að sjá upp að einhverju marki hvað er fast eða óhagganlegt í setningagerð orðasambandsins.

Breytliðir voru víða einfaldaðir frá því sem var í *Stóru orðabókinni um íslenska málnotkun* svo að framsetning þeirra hentaði betur fyrir tvímála orðabók og til að einfalda þýðingu á markmálið (Þórdís Úlfarsdóttir 2013, 55–56; Rósa Elín Davíðsdóttir og Þórdís Úlfarsdóttir 2023, 98). Í stað þess að sýna hvernig fleiryrtar sagnaflettur geta sameinað orðastæður með merkingarskyldum nafnorðum, eins og *borga* <skuldina, lánið> *upp* var eitt dæmigert nafnorð valið sem andlag, *borga* <skuldina> *upp* (undir uppflöttiorðinu *borga* í *Lexíu*).

Aðgreining breytliða innan oddklofa er þó ekki alltaf einföld, sem dæmi má nefna að í einhverjum tilvikum þyrfti að sýna betur hvort frumlag orðasambands geti verið hvort heldur sem er manneskja eða hlutur. Þetta á til dæmis við um orðasambandið *vaxa fiskur um brygg* sem í *Lexíu* er sýnt með frumlaginu *fyrirtæki*: <fyrirtækinu> *vex fiskur um brygg*. Þessi framsetning segir málhöfum markmálsins (frönskumælandi notendum orðabókarinnar) ekki með skýrum hætti hvort mögulegt væri að nota þetta orðasamband um manneskju, til dæmis <henni> *hefur vaxið fiskur um brygg*. Þetta er dæmi um þær skorður sem tvímála orðabókarlýsingu eru settar.

3. Jafngildi og þýðing orðasambanda í tvímála orðabók

Í tvímála orðabók er leitast við að setja fram jafnheiti í markmáli fyrir hvert uppflöttiorð viðfangsmálsins sem og þýðingu eða jafngilt orðalag á notkunardæmum. Hvað varðar orðasambönd þarf að finna jafngilt orðasamband í markmálinu sem getur reynst þrautin þyngri því merkingarmunur orðasambanda í tveimur tungumálum getur verið hárfinn þótt merking þeirra virðist sambærileg.

6 Í *Stóru orðabókinni um íslenska málnotkun* (Jón Hilmar Jónsson 2005) sem og við gerð orðabókargrunnnsins fyrir ISLEX-orðabókina (sem *Lexía* byggir einnig á) var farin sú leið að sýna fallstjórn með persónufornöfnum (til dæmis hann, hana) en ekki óákveðnum fornöfnum (*eitt hvað* og *einhver*).

Fræðimaðurinn Dobrovol'skij (1999, 2000) hefur fjallað um samanburð orðasambanda í tveimur eða fleiri tungumálum og þau skilyrði sem þau þurfa að uppfylla til þess að um eiginleg jafngildi sé að ræða. Hann leggur áherslu á að þegar verið sé að leita að jafngildum orðasamböndum í tveimur tungumálum þurfi fyrst og fremst að huga að notkunareiginleikum orðasambandanna (e. *functional properties*) og tryggja að um sé að ræða viðeigandi notkunarjafngildi (e. *functionally adequate equivalents*), þ.e.a.s. að hægt sé að nota orðasamböndin í markmálinu við sömu aðstæður (Dobrovol'skij 2000, 169). Tvímála orðabók sem þarf að sjá notanda fyrir upplýsingum um eiginleika tiltekins orðasambands í málinu ætti ekki bara að telja upp öll möguleg jafnheiti heldur útskýra í hvaða samhengi er hægt að nota þau og hvaða hömlur notkun þeirra eru settar (Dobrovol'skij 2000, 180–181).

Við þetta má bæta að ef einhver blæbrigðamunur er á merkingu (e. *semantic differences*) sambærilegra orðasambanda milli tveggja eða fleiri tungumála þarf að greina þann merkingarmun vel (Dobrovol'skij 2000, 178). Jafnframt þarf að skoða möguleika á samsetningu, það er í hvaða samhengi sé hægt að nota hvort orðasamband fyrir sig (bæði í viðfangsmálinu og markmálinu). Sem dæmi má nefna mikilvægi þess að kortleggja hvaða merkingaflokkum gerandi eða þolandi í orðasambandi getur tilheyrt (til dæmis manneskja, hlutur, eiginleiki, atburður) (Dobrovol'skij 2000, 169). Sömuleiðis þarf að huga að setningagerð orðasambanda, til að mynda gengur ekki að gefa nafnorðasamband upp sem jafngildi sagnorðasambands í tvímála orðabók.

3.1 Aðferðafræði ritstjórnar franska markmálsins í *Lexiu*

Til að fá betri yfirsýn yfir ákveðið svið orðaforðans (til dæmis öll uppflettiorð yfir liti) og stuðla að samræmi í jafnheitavali voru fletturarnar unnar eftir merkingarflokkum (Þórdís Úlfarsdóttir 2013, 58). Þannig vann til dæmis sami ritstjóri eða þýðandi orðabókarinnar að flettum yfir liti eða flettum yfir líkamshluta. Merkingarflokkar eru settir fram í ritstjórnarviðmóti orðabókarinnar með lýsandi hugtakaheiti (yfirleitt nafnorðum eins og LITUR, DÝR, MATUR, STJÓRNARFAR, o.s.frv.). Þessir merkingarflokkar koma að mestu

leyti úr *Stóru orðabókinni um íslenska málnotkun* og *Íslensku orðaneti* sem sameinar fyrrnefnda orðabók og Orðasambandaskrá Stofnunar Árna Magnússonar í íslenskum fræðum. Í þeim verkum er að finna bæði einyrtar flettur (*áhyggjur*, *hugarvél*, *sút*, o.s.frv.) og fleiryrtar flettur (*hafa áhyggjur*, *<honum> vex þetta í augum, vera í öngum sínum*) undir hverjum merkingarflokki (til dæmis ÁHYGGJUR) (Jón Hilmar Jónsson 2013, 8). Hins vegar eru orðasamböndin í *Lexíu* yfirleitt ekki sett fram eftir merkingarflokkum heldur koma fyrir, sem fyrr segir, í stafrófsröð undir því uppflettiorði (stundum fleiri en einu) sem telst vera kjarnaorð sambandsins. Því var ekki unnt að vinna orðasamböndin í *Lexíu* út frá hugtakinu sem þau tjá, til dæmis UPPGJÖF fyrir orðasambandið *leggja árar í bát*. Þó hefði óneitanlega verið hagkvæmni í því að vinna samtímis öll orðasambönd sem notuð eru um uppgjöf og bera saman við sambærileg orðasambönd á frönsku.

Þótt fjölmörg rit séu til um orðasambönd í frönsku, bæði fyrir lærða og leika, þar sem orðasamböndum er skipt upp eftir merkingarsviði aðalorðs í orðasambandi (til dæmis líkamshluta á borð við *hönd*) eða eftir hugtaki, var erfitt að nálgast þessar upplýsingar á einum stað í gagnagrunni eða sambærilegu verki og *Íslensku orðaneti* sem er hugtakamiðað, þ.e.a.s. veitir aðgengi að myndhverfum orðasamböndum út frá hugtökum. Þannig gat ritstjórn franska markmálsins ekki auðveldlega kallað fram öll eða algengustu orðasambönd í frönsku sem tjá til dæmis fyrrnefnt hugtak UPPGJÖF í leit að sambærilegu orðasambandi og *leggja árar í bát*. Textasafnið *Base textuelle Frantext* (265 milljónir lesmálsorða) nýttist vel við val á frönskum jafnheitum, þýðingum á notkunardæmum og til að skoða notkun jafnheita í markmálinu. Auk fjölda franskra einmála orðabóka, á borð við le *TLFi informatisé*, *Le Petit Robert de la langue française* og le *Dictionnaire de l'Académie française*, studdist ritstjórnin við þær orðabækur sem til eru milli íslensku og frönsku en það eru einkum tvær orðabækur. Annars vegar *Íslenske-frönske orðabók* (Boots 1950) og hins vegar *Frönske-íslenske orðabók* (Þór Stefánsson, 1995). Sú síðarnefnda er aðgengileg á orðabókarvefnum *snara.is*. Við gerð orðabókarinnar var eingöngu tekið mið af frönsku sem töluð er í Frakklandi öllu en ekki orðaforða eða orðasamböndum sem eru svæðisbundin eða tilheyra frönskumælandi málsmfélögum utan Frakklands.

Aðferðafræði ritstjórnar markmálsins, frönsku, fól í sér að skoða fyrst hvaða orðasambönd væru til staðar í frönsku, út frá uppflöttiorðinu, til dæmis skoða hvaða orðasambönd hverfðust um jafnheiti aðalorðsins *bönd* (*main* á frönsku). Þannig má segja að franska orðasambandið *mettre la main à la pâte* byggist á sama myndmáli og íslenska orðasambandið *leggja hönd á plóg(inn)*, í þessu tilviki þeirri hugmynd að það að leggja sitt af mörkum, að gera sinn hluta í einhverju verki felist í því að leggja hönd á viðfangsefnið svo sem verkfæri (plógur á íslensku) og deig (á frönsku). Slík samsvörun hvað varðar myndmál orðasambanda er þó undantekning. Því næst var leitað að orðasamböndum eftir merkingarsviði þar sem ýmis rit, orðabækur og textasöfn fyrir frönsku voru nýtt (sjá hér fyrir ofan). Ef orðasamband sambærilegrar merkingar fannst í frönsku var málsnið þess borið saman við það íslenska, það er að segja þar sem óformlegt orðasamband í markmáli getur ekki talist fullkomlega jafngilt orðasambandi í viðfangsmálinu sem tilheyrir formlegra málsniði. Ef málsnið orðasambanda í málunum tveimur reyndist sambærilegt þá var tíðni orðasambandanna skoðuð og mat lagt á það hvort orðasambandið sem um ræddi í markmálinu væri ef til vill sjaldgæft og kæmi þar af leiðandi ekki til greina í tvímála orðabók. Ef ekkert orðasamband fannst eða ekkert orðasambanda var talið jafngilt hvað varðar málsnið og notkun var merking orðasambandsins þýdd og þess gætt að málsnið væri sambærilegt (ekki óformlegt). Slík þýðing gerir frönskumælandi notendum kleift að skilja merkingu íslenska orðasambandsins, til dæmis *ganga á bak orða sinna* sem þýtt er með *manquer à sa parole* (standa ekki við orð sín) eða orðasambandið *fara huldu höfði* sem þýtt var með *entrer/être dans la clandestinité* (fara í felur/vera í felum). Annað dæmi er orðasambandið *vera ekki af baki dottinn* sem er þýtt með *ne pas abandonner* (gefast ekki upp) og *ne pas être découragé* (láta ekki hugfallast).

Þegar orðasambönd svipaðrar merkingar og þau íslensku fundust komu engu að síður upp ýmsar áskoranir enda í raun sjaldnast um jafngild orðasambönd að ræða. Til að henda reiður á þessum helstu áskorunum fer hér á eftir flokkun og samantekt á helstu tilvikum þar sem sambærileg orðasambönd finnast í báðum málum og þeim gróflega skipt í þrennt: jafngild orðasambönd í bæði viðfangsmáli og markmáli, orðasambönd sambærileg hvað varðar

merkingu en málsnið ólíkt og sambærileg merking orðasambanda en setningagerð of ólík.

3.2 Sambærileg orðasambönd í bæði viðfangsmáli og markmáli

Myndmál orðasambanda á yfirleitt rætur að rekja til menningar málsamfélagsins, þannig tengjast orðasambönd á íslensku gjarnan sjómannamáli (*sitja við sinn keip*), reiðmennsku (*riða á vaðið*) og veðurfari (*vita ekki hvaðan á sig stendur veðrið*) (Erla Erlendsdóttir og Oddný G. Sverrisdóttir 2023, 15). Þó kemur fyrir að í markmálinu séu til sambærileg orðasambönd sem byggjast á sama myndmáli og þá er jafnvel um að ræða svokölluð algild orðasambönd, þ.e.a.s. orðasambönd sem koma fyrir í mörgum tungumálum. Stundum má rekja uppruna orðasambanda til sameiginlegra heimilda eða orðasambönd hafa borist í þýðingum úr einu máli í annað (Erla Erlendsdóttir og Oddný G. Sverrisdóttir 2023, 12). Orðasambandið *hér liggur fiskur undir steini* (það býr eitthvað að baki) sem samsvarar franska orðasambandinu nánast orð fyrir orð með þeirri undantekningu að á frönsku er talað um ál (fr. *anguille*): *il y a anguille sous roche* (það er áll undir steini) í merkingunni 'það er eitthvað grunsamlegt á seyði/falið' (*Le Petit Robert de la langue française* 2025, flettan *anguille*).

Orðasambandið *að leggja hönd á plóg(inn)* er notað í merkingunni 'vinna með öðrum að ákveðnu verkefni' og það sama á við um franska orðasambandið *mettre la main à la pâte* (setja höndina á deigið) (*Le Petit Robert de la langue française* 2025, fletturnar *main* og *pâte*). Þar að auki fer saman sambærileg setningagerð sem og myndmál þar sem hönd táknar vinnu eða framlag til verkefnis. Munurinn liggur einungis í því að á frönsku er verkefnið eða vinnan sem þarf að inna af hendi táknuð með deigi og vísar þannig í matargerð en á íslensku er það plógur sem táknar vinnuna og sækir myndmálið til landbúnaðar.

Eins og fyrr segir er það frekar undantekning að svo mikil samsvörun sé á milli orðasambanda í íslensku og frönsku og stundum finnast myndhverf sambönd sömu merkingar þótt myndmálið sé ekki alveg það sama. Dobrovolskij (2000) greinir á milli jafngildra

orðasambanda eftir því hvort þau byggjast á sama myndmáli eða ekki. Við gerð *Lexíu* var hugtakanotkunin ekki tekin með í reikninginn heldur einungis horft til merkingar orðasambandsins. Sem dæmi um þetta má nefna orðasambandið *gera úlfalda úr mýflugu* (undir uppflettiorðunum úlfaldi og mýfluga í *Lexíu*) en merking þess er sú sama og í franska orðasambandinu *se faire une montagne de quelque chose* (orðrétt „gera sér fjall úr einhverju“).

3.3. Sambærilegt orðasamband til en málsnið ólíkt eða notkun ekki sú sama

Í fjölmörgum tilvikum fann ritstjórn franska markmálsins orðasamband sömu merkingar í frönsku en málsniðið reyndist of ólíkt, oftast á þann veg að um formlegra málsnið var að ræða í íslensku en í frönsku. Í flestum tilvikum studdist franska ritstjórnin við merkingar á málsniði í frönskum einmála orðabókum. Í frönskum orðabókum er málsnið jafnan merkt með *soutenu* (formlegt), *littéraire* (ritmál), *familier* (óformlegt) og *vulgaire* (gróft, óviðurkvæmlegt). Hins vegar er ekki gerður greinarmunur á því hversu óformlegt tiltekið orð eða orðasamband sé, til dæmis með því að tilgreina að orðalag eða orðasamband sé óformlegt eða mjög óformlegt. Ritstjórn franska ritmálsins tók sér í einhverjum tilvikum það bessa-leyfi að styðjast við málvitund ritstjórnarmeðlima og meta orðasamband sem hlutlaust orðalag þrátt fyrir slíka merkingu í frönskum orðabókum. Sem dæmi um þetta má nefna franska orðasambandið *avoir du cran* (*Le Petit Robert de la langue française*, uppflettiorðið *cran*) sem er sömu merkingar og íslenska orðasambandið *hafa bein í nefinu* en er óformlegt ólíkt því íslenska sem telst hlutlaust orðalag. Annað orðasamband í frönsku sömu merkingar *avoir du coulot* er einnig merkt sem óformlegt í orðabókum (*Le Petit Robert de la langue française*, uppflettiorðið *culot*) og er enn óformlegra en *avoir du cran*. Í þessu tilviki ákvað ritstjórnin að leggja *avoir du cran* fram sem jafnheiti fyrir *hafa bein í nefinu* en merkja það sem óformlegt. Þar að auki var merking íslenska orðasambandsins þýdd. Yfirleitt var þó farin sú leið að gefa upp franska þýðingu á merkingu íslenskra orðasambanda í sambærilegum tilvikum.

Annað dæmi um orðasamband í íslensku sem á sér að því er virðist fullkomið jafngildi í frönsku er *<ræðast við>* *undir fjögur augu*. Á frönsku er til orðasambandið *entre quatre yeux* (milli fjögurra augna), yfirleitt í rithættinum *entre quatre'x'yeux* sem gefur betur til kynna framburð orðasambandsins en telst óformlegur. Því bætti ritstjórn franska markmálsins við orðasamböndunum *en tête à tête* og *en privé* (í einrúmi).

3.4 Orðasambönd sem byggjast á sama myndmáli en eru ólík hvað varðar setningagerð

Þegar kom að því að finna sambærilegt orðasamband og *bíða skipbrot* á frönsku var nafnorðið *nauffrage* eða 'skipbrot' á frönsku skoðað því nafnorðasambandið *nauffrage de* ásamt öðru nafnorði er algengt, til dæmis *nauffrage des espoirs* (skipbrot vona), *nauffrage d'une idéologie* (skipbrot hugmyndafræði). Í þessu tilviki er setningagerðin ólík og ekki hægt að stilla upp nafnorði eða nafnorðasambandi sem jafnheiti fyrir sagnasamband í tvímála orðabók. Hér var því orðasambandið umorðað á frönsku með *plonger dans un abattement total* (sökva í algjöra uppgjöf).

Orðasambandið *geta ekki litið einhvern réttu auga* (*<ég> get ekki litið <hana> réttu auga*) samsvarar merkingu franska orðasambandsins *voir/considérer quelque chose d'un mauvais œil* (sjá/líta á eitthvað slæmu auga). En franska orðasambandið er hins vegar einkum notað með andlagi sem er hlutur eða atburður og sjaldnar um manneskju. Þar að auki er franska orðasambandið líka notað í jákvæðri merkingu með lýsingarorðinu *bon* (góður) *voir/considérer quelque chose d'un bon œil* (sjá/líta á eitthvað góðu auga). Því var þetta franska orðasamband útilokað sem jafngildi þess íslenska og orðasambandið *porter un jugement favorable sur quelqu'un* (fella jákvæðan dóm um einhvern) notað með neitun: *<je> ne peux pas (/ plus) porter un jugement favorable sur <elle>*.

Orðasambandið *augu <hans> opnast* var þýtt með afturbeygðu sögninni *s'apercevoir de* (gera sér grein fyrir / átta sig á) og notkunar-dæmið *augu hans opnuðust fyrir því tjóni sem hann hafði valdið* þýtt með *il s'est aperçu du dégât qu'il avait causé* (hann gerði sér grein fyrir tjóninu sem hann hafði valdið). Í frönsku er til orðasamband svipaðrar

merkingar en það er notað með geranda *ouvrir les yeux à quelqu'un* (opna augu einhvers) og því passaði það ekki við merkingu íslensku miðmyndarsagnarinnar *opnast*. Einnig er hægt að nota sögnina *dessiller* á frönsku: *dessiller les yeux de quelqu'un* (eða á *quelqu'un*) sem merkir að opna og er eingöngu notuð í yfirfærðri merkingu. Hún er einnig notuð í afturbeygðri mynd (*se dessiller*) og hægt að segja *mes yeux se dessillèrent* (augu mín opnuðust) en hins vegar er hún yfirleitt notuð án forsetningarliðar (eða óbeins andlags á frönsku) og hentar því ekki þegar tekið er fram fyrir hverju augu einhvers opnast.

Franska orðtakið *à chaque jour suffit sa peine* (hverjum degi nægir sín þjáning) samsvarar merkingarlega íslenska orðasambandinu *láta hverjum degi nægja sína þjáningu* en þegar horft er á setningagerð er franska orðasambandið í raun frekar jafngildi íslenska orðtaksins *hverjum degi nægir sín þjáning* (Jón G. Friðjónsson 2012, undir uppflettiorðinu *dagur*). Hægt er að nota íslenska orðasambandið *láta hverjum degi nægja sína þjáningu* með frumlagi (<hann létur> *hverjum degi nægja sína þjáningu*) en það sama á ekki við um franska orðasambandið og því gaf ritstjórnin frekar upp *vivre au jour le jour* (lifa frá degi til dags) sem jafngilt orðasamband í *Lexín*. <hann létur> *hverjum degi nægja sína þjáningu*. <il vit> *au jour le jour* (<hann lifir> frá degi til dags).

Vinnan við *Lexín*, íslensk-franska veforðabók fór að mestu fram á árunum 2016 til 2020. Þegar farið var yfir vinnulag ritstjórnar hér að ofan var því ekki komið inn á tvímála gagnasöfn (e. *corpus*), þýðingarforrit og vélþýðingar því það eina sem ritstjórn franska markmálsins gat gripið til var *Google translate* sem virkaði ekki vel milli íslensku og frönsku og réð ekki við að þýða orðasambönd í yfirfærðri merkingu. Landslagið er gjörbreytt nú þótt ekki séu mörg ár liðin frá opnun orðabókarinnar (1. júní 2021) og fleygir máltækninni fram. Nú má fletta upp á vefnum *m.is* og fá góðar og réttar þýðingar milli íslensku og ensku. Þó ræður vefurinn ekki við að þýða orðasamband á borð við *rífa kjaft* heldur þýðir til dæmis setninguna *nemandinn rifur kjaft við kennarann* með *the student is talking to the teacher* eða nemandinn er að tala við kennarann. Nýlega kom annað þýðingarforrit fram á sjónarsviðið, *Erlendur*, sem býður upp á þýðingar milli fjölmargra tungumála, þ.á.m. milli íslensku og frönsku. Ef við skoðum fyrst hvernig setningin hér að ofan er

þýdd á ensku fáum við *The student talks back to the teacher* sem nær merkingu orðasambandsins *rífa kjaft* mun betur. Hins vegar kemur merking íslenska orðasambandsins ekki fram í frönsku þýðingunni sem *Erlendur býður upp á: L'élève répond à son professeur* sem merkir ‚nemandinn svarar kennara sínum‘. Hér þyrfti að bæta við *avec impertinence* ‚á óskammfeilinn hátt‘ til að ná merkingu orðasambandsins: *L'élève répond avec impertinence à son professeur*.

4. Niðurlag

Vinnan við *Lexín*, íslensk-franska veforðabók, sýnir að ekki er hlaupið að því að finna orðasambönd í tveimur tungumálum sem eru merkingarlega sambærileg og sömuleiðis jafngild hvað varðar notkun. Gríðarleg vinna fólst í samanburði orðasambanda í málunum tveimur, íslensku og frönsku, sem og þýðingu íslenskra orðasambanda á frönsku þegar ekkert jafngilt orðasamband fannst. Helsta niðurstaða vinnunnar við *Lexín* er sú að þegar kemur að því að finna sambærileg orðasambönd milli íslensku og frönsku er munur á málsniði orðasambanda í málunum oft mikill og reyndist það stærsta áskorunin. Ólík setningagerð var önnur áskorun þegar kom að því að finna orðasambönd í málunum tveimur sem gætu talist jafngild.

Þá vaknar óneitanlega sú spurning fyrir hvern þetta sé unnið. Sér í lagi nú á tímum þegar sífellt betri máltækni- og þýðingartól eru komin til sögunnar. Þó má benda á að vélrænar þýðingar eru ekki svo langt komnar milli íslensku og frönsku að þær leysi af hólmi orðabækur.

Þannig ætti sú vinna sem lögð er í að þýða og finna jafngild orðasambönd milli tungumála fyrir gerð tvímála orðabókar að nýtast öllum þeim sem fást við þýðingar, og vinnan sem ritstjórn *Lexín* lagðist í ætti að flýta fyrir þýðendum og gera þeim kleift að komast að því hvort sambærilegt orðasamband sé til í markmálinu. Tvímála orðabók á borð við *Lexín*, sem byggist á traustum orðabókargrunni og á ríkulegri einmála lýsingu og heimildum fyrir orðasambönd, nýtist Íslendingum sem eru lengra komnir í frönsku sem og þýðendum og frönskumælandi notendum sem lesa orðið

erfiðari texta á íslensku. Orðabækur eru raunar einn besti efniviður sem völ er á í þróun vélþýðinga sem verða að grundvallast á traustu efni.

Það væri áhugaverð tilraun að afraksturinn af vinnunni við bæði *Lexín* og ISLEX-orðabókina yrði til þess að útbúa gagnagrunn yfir orðasambönd milli nokkurra mála út frá hugtökum og „[b]yggja upp tvímála lýsingu á grundvelli íslenska efnisins, þar sem samstaður hugtakalisti tengir málín saman“. (Jón Hilmar Jónsson 2013, 19).⁷ Þannig mætti hugsa sér að útbúa leitarmöguleika fyrir notendur eftir hugtökum og gera þeim kleift að leita eftir hugtaki á borð við REIDI og fá upp allar einyrta og fleiryrtar flettur sem falla undir það hugtak, þar með talin orðasambönd í yfirfærðri merkingu burtséð frá því undir hvaða uppflöttiorði þau eru sett fram í orðabókinni.⁸

7 Vinna við íslensk-sænska lýsingu af þessu tagi er hafin (Jón Hilmar Jónsson 2013, 19).

8 Í *Stóru orðabókinni um íslenska málnotkun* (Jón Hilmar Jónsson 2005) er að finna hugtakalista þar sem íslensku hugtakaheitin í flettulista orðabókarinnar eiga sér samsvarandi heiti á ensku, dönsku og þýsku (sem koma fram í stafrófsröðuðum lista fyrir hvert tungumál) og gera erlendum notendum þannig kleift að finna orðasamband í íslensku eftir hugtaki.

HEIMILDIR

- Aldís Sigurðardóttir, Anna Helga Hannesdóttir, Halldóra Jónsdóttir, Håkan Jansson, Lars TrapJensen og Þórdís Úlfarsdóttir. 2008. ISLEX – An IcelandicScandinavian Multilingual Online Dictionary. Í *Proceedings of the XIII Euralex International Congress*, ritstýrt af E. Bernal og J. DeCesaris, 779–789. <https://euralex.org/category/publications/euralex-2008/>.
- Anna Helga Hannesdóttir og Jón Hilmar Jónsson. 2001. „Að hafa í sig og á“ Ísländsk fraseologi i ett isländsktsvenskt perspektiv“. *LexicoNordica* 8, 67–91.
- Anton Karl Ingason, Einar Freyr Sigurðsson og Jim Wood. 2016. „Þáttur var tekinn í hlaupinu af Höskuldi“ Samspil fastra orðasambanda og setningagerðar. *Milli mála*, 13–42.
- Dobrovol'skij, D. O. 1999. Cross-linguistic equivalence of idioms: „Does it really exist?“ *Language and Parole in Synchronic and Diachronic Perspective*, 203–219. DOI:10.1016/B978-008043581-7/50067-0.
- Dobrovol'skij, D. O. 2000. „Contrastive idiom analysis: Russian and German idioms in theory and in the bilingual dictionary“. *International Journal of Lexicography*, 13 (3), 169–186.
- Dobrovol'skij, D. O. og E. Piirainen. 1998. „On Symbols: Cognitive and Cultural Aspects of Figurative Language“. *Lexicology* 2: 1–34.
- Erla Erlendsdóttir og Oddný G. Sverrisdóttir. 2023. „Menning, staðhættir og saga sem endurspeglast í föstum orðasamböndum í íslensku, spænsku og þýsku“. *Milli mála*, 15 (2),
- Halldóra Jónsdóttir og Þórdís Úlfarsdóttir. 2019. „Íslensk nútímamálsorðabók. Kjarni tungumálsins“. *Orð og tunga* 21, 1–25.
- Jón Hilmar Jónsson. 2013. „Að byggja undir íslensk-erlenda orðabók. Forgreinir og orðabókarefni“. *Orð og tunga* 15, 1–22.
- Oddný G. Sverrisdóttir. 2009. „Orð til taks. Af eiginleikum og flokkum fastra orðasambanda“. *Milli mála*, 149–172.
- Rósa Elín Davíðsdóttir. 2013. „Hlutverk tvímála orðabóka. Ólíkar notendapárir í íslensk-frönsku ljósi“. *Orð og tunga* 15, 73–93.
- Rósa Elín Davíðsdóttir. 2021. „Pieux mensonge ou mensonge blanc? Les collocations dans les dictionnaires bilingues“. *Milli mála* 13, 142–164.
- Rósa Elín Davíðsdóttir og Þórdís Úlfarsdóttir. 2023. „Íslensk-frönsk orðabók. Nokkrar áskoranir“. *Orð og tunga* 25, bls. 95–116. DOI: <https://doi.org/10.33112/ordogtungu.25>.
- Starkaður Barkarson, Steinþór Steingrímsson og Hildur Hafsteinsdóttir. 2022. „Evolving Large Text Corpora: Four Versions of the Icelandic Gigaword Corpus“. Í *Proceedings of the Language Resources and Evaluation Conference*, ritstýrt af Nicoletta Calzolari og fl.
- Þórdís Úlfarsdóttir. 2013. „ISLEX – norræn margmála orðabók“. *Orð og tunga* 15, 41–71.

Orðabækur og gagnagrunnar

- Base textuelle Frantext* [textasafn]. 1998–2022. ATILF-CNRS & Université de Lorraine. <frantext.fr> (sótt í júlí 2025).
- Bernet, Charles og Pierre Rézeau. 2010. *On va le dire comme ça. Dictionnaire des expressions quotidiennes*. París: Librairie générale française.
- Duneton, Claude. 1990. *Le Bouquet des expressions imagées. Encyclopédie thématique des locutions figurées de la langue française*. París: Édition du Seuil.
- Erlendur (2025). Miðeind. <<https://malstadur.mideind.is/erlendur>> (sótt í október 2025).
- Frönske-íslensk orðabók*. 1995. Þór Stefánsson, ritstj. Reykjavík: Örn og Örlygur; París: Dictionnaires Le Robert.
- ISLEX-orðabókin. Þórdís Úlfarsdóttir, aðalritstj. Reykjavík: Árnastofnun. <<http://islex.is>> (sótt í júlí 2025).
- Íslenske-frönske orðabók*. 1950. Gerard Boots, ritstj. Reykjavík: Ísafoldarprentsmiðja.
- Íslensket ordanet* (e.d.). Árnastofnun. <<https://ordanet.arnastofnun.is/>> (sótt í júlí 2025).
- Íslensket textasafn* (e.d.). Árnastofnun. <https://corpus.arnastofnun.is/> (sótt í júlí 2025).
- Jón G. Friðjónsson. 2012. *Mergur málsins. Íslensk orðatiltæki, uppruni, saga og notkun*. Reykjavík: Örn og Örlygur.
- Jón Hilmar Jónsson. 2005. *Stóra orðabókin um íslenska málnotkun*. Reykjavík: JPV.
- Lexía*. Þórdís Úlfarsdóttir, aðalritstj., Rósa Elín Davíðsdóttir, ritstj. frönsku. Reykjavík: Árnastofnun. <<http://lexia.hi.is>> (sótt í júlí 2025).
- m.is þýðing (e.d.). Árnastofnun. <<https://m.is/thyding>> (sótt í október 2025).
- Rey, Alain og Sophie Chantreau. 2003. *Dictionnaires des expressions et locutions*. París: Dictionnaires Le Robert
- Risamálheildin. 2022. <https://igc.arnastofnun.is/is/#About> (sótt í júlí 2025).
- TLFi = *Trésor de la langue française informatisé. Dictionnaire de la langue du XIX^e et du XX^e siècle (1789–1960)*. (1971–1994). Paul Imbs og Bernard Quemada, ritstj.. París: Éditions du CNRS ; Gallimard, 16 bindi. Vefútgáfa af *Trésor de la langue française*. <<http://atilf.atilf.fr>> (sótt í júlí 2025).

ÚTDRÁTTUR

Orðasambönd í tvímála orðabók milli íslensku og frönsku

Orðasambönd á borð við að *leggja árar í bát* og *leggja hönd á plóg* gæða mál fólks lífi jafnt í ræðu og riti og endurspegla gjarnan menningu og staðhætti málsvæða. Ógagnsæ merking og festa orðasambanda gera það hins vegar að verkum að það getur verið erfitt fyrir erlenda málhafa að skilja þau eða tileinka sér þau. Því er nauðsynlegt að gera þeim góð skil í tvímála orðabókum sem eiga annars vegar að hjálpa notendum við að þýða/skilja texta á erlendu máli (L2→L1) og hins vegar að tjá sig á erlendu máli (L1→L2).

Í þessari grein er sjónum beint að föstum orðasamböndum í yfirfærðri merkingu í tvímála samhengi, einkum út frá framsetningu þeirra í nýrri íslensk-franskri veforðabók, *Lexín*. Fjallað er um aðferðafræði og vinnulag ritstjórnar *Lexín* við samanburð á föstum orðasamböndum í yfirfærðri merkingu í málunum tveimur með það að markmiði að finna orðasambönd í markmálinu, frönsku, sem hefðu merkingarlega samsvörun og samsvari sem best notkun íslensku orðasambandanna.

Lykilorð: Orðasambönd, tvímála orðabækur, íslensk-frönsk orðabók, orðabókafræði.

ABSTRACT

Idioms in Icelandic-French bilingual dictionary

Idioms enrich people's language, both written and spoken, and often reflect the culture of the linguistic community. However, their opaque meaning and fixed structure can make them difficult for foreign speakers to understand or use. It is therefore important that they are present in bilingual dictionaries which are intended to help some users to translate and/or understand texts in a foreign language ($L2 \rightarrow L1$), and other users to express themselves in a foreign language ($L1 \rightarrow L2$).

This article focuses on idioms in a bilingual context, particularly regarding their presentation in a new Icelandic-French online dictionary, *Lexía*. The article discusses the methodology of the editorial team in comparing both the semantic and functional properties of idioms in Icelandic and French, with the aim of finding functionally adequate equivalents of the Icelandic idioms in the target language, French.

Keywords: Idioms, Bilingual dictionnaires, an Icelandic-French dictionary, Lexicography, Equivalence.